

2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2017-2018

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík miðvikudaginn 6. september 2017 kl. 15:30

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Arnar Guðmundsson, Björn Víkingur Björnsson, Guðmundur Vilhjálmsson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundaplan stjórnar

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að fundaplani stjórnar fyrir starfsárið, tímasetningar og fundarstaði. Að umræðu lokinni var tillagan samþykkt og verður send stjórnarmönnum.

2. Helstu málefni / fréttir frá síðasta stjórnarfundi

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum starfsmanna frá síðasta fundi:

- Málefni Bakkafjarðar en byggðarlagið á í vök að verjast í atvinnulegu og félagslegu tilliti.
- Viðbótar fjármunir fengust til styrkveitinga í Brothættum byggðum og hefur þeim verið úthlutað. Sex umsóknir bárust um starf verkefnisstjóra í Öxarfjarðarverkefninu.
- Unnið hefur verið með forsvarsmönnum Matarskemmunnar á Laugum að fjárhagslegri endurskiplagningu og tengdum málum, m.a. endurreisn Þingeynska matarbúrsins og verkefnum sem snúa að vöruþróun og heimavinnslu.
- Næstu skref í þróun iðnaðarsvæðisins á Bakka hafa verið til skoðunar enda að skapast spennandi aðstæður til ýmis konar framleiðslu á tiltölulega háu þekkingarstigi.
- Í samstarfi við AFE hefur verið unnið að greiningu á þeim verkefnum í Sóknaráætlun Norðausturlands 2015-2019 þar sem gert er ráð fyrir aðkomu atvinnuþróunarfélaganna. Þegar hafa verið skilgreind þrjú verkefni sem komin eru mislangt á framkvæmdastig.
- Unnið hefur verið að eftirfylgni verkefna á vegum uppbyggingarsjóðs.
- Uppfærsla og endurskiplagning á heimasíðu, einkum varðandi málefni Héraðsnefndar Þingeyinga bs.
- Málefni AO, þ.e. eftirfylgni framkvæmda á Kárhóli og endurnýjun samstarfssamninga við Heimskautastofnun Kína.
- Verkefni um styrkingu innviða fyrirtækja hefur farið hægar af stað en vonir stóðu til en á það mun reyna á næstu vikum hvort nægjanleg þátttaka fæst. Líklegt að horfa þurfi til lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi en þá í minna starfshlutfalli.
- Unnið með frumkvöðlaverkefnum sem bæði lofa góðu þó mislangt séu komin.

3. Starfsemi AP verði hluti verkefna HNP bs.

Fulltrúaráð HNP bs. hefur í tvígang (04.05.2016 og 18.11.2016) fjallað um þann kost að fella starfsemi félagsins undir merki byggðasamlagsins og samþykkt að það verði

skoðað. Þá samþykkti stjórn félagsins 21.11.2016 að það yrði skoðað. Framkvæmdin hefur dregist, m.a. vegna þess að yfir hefur staðið vinna á vegum Eyþings um mögulega sameiningu þess og atvinnuþróunarfélaganna. Nú liggja niðurstöður þeirrar skoðunar fyrir og Norðurþing, sem lang stæstri hluthafi félagsins, hefur tekið skýra afstöðu til þess að ekki verði litið til þeirrar sameiningar að svo stöddu, heldur unnið að færa verkefni AP undir merki HNP bs.

Málið rætt vítt og breytt og samþykkt að hefja undirbúningsvinnuna við fyrsta tækifæri á grundvelli fyrri bókunar (21.11.2016).

4. Málefni Matarskemmunnar ehf.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeirri vinnu sem forsvarsmenn Matarskemmunnar ehf. hefðu unnið varðandi fjárhagslega endurskipulagningu hennar og starfmenn félagsins hefðu aðstoðað við.

Framkvæmdastjóra veitt heimild f.h. félagsins að taka þátt í hlutfjárukningu Matarskemmunnar ehf. um allt að 1 mkr. af þeim fjármunum sem félagið eignaðist frá fyrrum Kísilgúrsjóði. Skilyrði er að ársreikningar síðastliðins starfsárs liggi fyrir og að hlutfjárukningin í heild gangi eftir.

5. Staða sauðfjársjóða á starfssvæði félagsins

Rætt um þá alvarlegu stöðu sem upp er komin hjá sauðfjársjóðum eftir að afurðastöðvar tilkynntu um allt að 35% lækkun á kjötverði til þeirra. Ljóst er að sauðfjársjóði er einn af grunnatvinnuvegum svæðisins og gríðarlega mikilvæg í byggðalegu tilliti á ákveðnum hlutum þess. Þá eru á starfssvæðinu rekna tvær afurðastöðvar ásamt verulegri kjötvinnslu. Stór áföll í greininni geta því hæglega leitt af sér samfélagsbrest með ófyrirséðum afleiðingum fyrir allt svæðið. Sérstök ástæða er til þess að minna á að stór hluti svæðisins er laus við helstu sauðfjársjúkdóma auk þess að vera vel fallinn til sauðfjársjóða hvað landgæði varðar. Það er því skynsamlegt í þjóðhagslegu tilliti að þannig verði unnið úr núverandi stöðu að sauðfjársjóði á svæðinu geti frekar eflst en að hún dragist verulega saman.

6. Samstarf við PCC Bakka Silicon um þróunarverkefni

Guðmundur Vilhjálmsson vakti athygli á mögulegu þróunarverkefni með PCC Bakka Silicon og skógareigendum varðandi nýtingu grisjunarviðar sem kolefnisgjafa í framleiðsluferli verksmiðjunnar á Bakka.

Málið rætt og samþykkt að fela framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með forsvarsmönnum PCC Bakka Silicon um starfsemi fyrirtækisins, s.s. stefnu þess varðandi þjónustukaup og möguleg þróunarverkefni.

7. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00